

## **Skýrsla formanns hverfisráðs Hríseyjar á aðalfundi 25. maí 2016.**

Í Hverfisráðinu sátu Anton Steinarsson formaður Þorgeir Jónsson, Hermann Erlingsson og Linda Ásgeirsdóttir sem ritaði fundargerðir. Haldnir voru 7 fundir frá síðasta aðalfundi.

Akureyrarbær hefur undanfarin ár úthlutað fjármagni til hverfisráðs sem í fyrra fór í ærslabelginn ásamt 600.000 króna söfnunarfé sem Ferðamálafélagið hefur safnað á Haustfögnuðum undanfarin ár. Nánast er hægt að fullyrða það að ekki hafi komið sá dagur í fyrrasumar sem ekki var hoppað á belgnum og má segja að þetta sé vel heppnuð framkvæmd. Á þessu ári á að halda áfram niður á svæði en helluleggja á í kring um grillin og gera síðan skjól umhverfis þau.

Svo er vert að minnast á gönguleiðina en búið er að gera þar heilmikið og til stendur að halda þar áfram.

Nettenging er loksins orðin góð en seint á síðasta ári gafst okkur kostur á ljósneti.

Brothættar byggðir tóku til starfa í fyrra og eru bundnar vonir við það starf sem nú þegar hefur skilað auka byggðarkvóta og einhverjum aurum til styrkingar á verkefnum. Hverfisráðið hefur áhuga á að vita hvort bærinn ætli sér að styðja við verkefnið meira en að greiða laun verkefnastjóra? Borið hefur á því að fólki hefur verið bent á verkefnastjóra með verkefni sem við teljum ekki eiga þar heima. Einnig hefur heyrst að skorið verði niður opnunartími Íþróttamiðstöðvar og finnst okkur það eiginlega ekki vera í takt við þá uppbyggingu sem talað er um í verkefninu.

Uppbygging er töluverð má þar nefna fyrirhuguð gisting í Prestshúsi og veitingastaðurinn Verbúðin 66

Sumarhús við Austurveg og annað í byggingu hjá Sigmari og Hrannari, kaffihús hjá Bigga bakara og ugglaust eitthvað sem við ekki vitum um.

Slökkvilið er í uppbyggingu í samstarfi við slökkvilið Akureyrar og eru húsnæðismál í athugun hjá bænum, þ.e. að koma öllu undir eitt þak.

Hreinsunardagur hefur verið ákveðinn 11 júní. Sama snið og venjulega.

En nú eru tímamót því þetta er fundur nr 100 síðan hverfisráð tók til starfa og því miður eru mörg mál sem enn er verið að fjalla um og ekki hafa klárast svo maður spyr sig til hvers að vera að standa í þessu og fá á sig að maður sé neikvæður og ósanngjarn. En það er alveg ljóst að bærinn verður að fara að girða sig í brók ef við eigum að komast eitthvað áfram og sýna okkur hér út frá meiri áhuga og þá þýðir ekki að standa í pontu og segjast vera til staðar en þegar á reynir þá eru öll ljós slökkt og enginn heima. Hér nefni ég nokkur af þeim atriðum sem eftir 100 fundi eru ókláruð.

1. Lagfæring á austurvegi
2. Vegrið við námu
3. Lagfæringar á vegum
4. Búnaður í íþróttamiðstöð
5. Götulýsing
6. Sorpstöðvar
7. Aðstöðuhús á sandi
8. Samgöngumál

Af þessu má ráða að eitthvað hefur áunnist en gera má mun betur og hraðar á mörgum sviðum.